



Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis
Nefndasvið Alþingis
Austurstræi 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 19. febrúar 2016

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um aðgerðaáætlun gegn súrnun sjávar á norðurslóðum (145. löggjafarþing 2015-2016, þingskjal 160–160. mál.)

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi (SFS) um tillögu til þingsályktunar um aðgerðaráætlun gegn súrnun sjávar á norðurslóðum, 160. mál.

Taka ber undir það sjónarmið tillöguflutjenda að mikilvægt sé að fylgjast með framvindu súrnunar sjávar á norðurslóðum og áhrifum hennar á lífríki hafsins í kringum Ísland. Hér er því í grunninn jákvætt mál á ferðinni.

Í ljósi þessa mikilvægis teljum við rétt að vekja athygli á nokkrum atriðum tillögunnar og meðfylgjandi greinargerðar sem vekja spurningar og kunna að orka tvímælis og gætu notið góðs af frekari skoðun og umræðu.

Eins og fram kemur í greinargerð með tillögunni er súrnun sjávar afleiðing aukins koltvísýrings í andrúmsloftinu vegna mengandi útblásturs á heimsvísu. Í ljósi þessa er vandséð hvers eðlis aðgerðaáætlun Íslendinga sérstaklega gæti verið og hvað í henni gæti falist og því væri æskilegt að tillöguflutjendur gerðu nánari grein fyrir því.

Eins og fram kemur í greinargerðinni hefur Hafrannsóknastofnun aflað ýmissa gagna í rannsókn- og vöktunarstarfsemi sinni sem varpa ljósi á stöðu, framvindu og áhrif súrnunar sjávar við Ísland. Mjög mikilvægt er að rannsóknir séu ekki stundaðar í einangrun heldur njóti bæði faglegra og fjárhagslegra samlegðaráhrifa sem stærri rannsóknastofnanir bjóða uppá. Í ljósi þessa þykir okkur einsýnt að rannsóknir á þessu sviði eigi best heima á vettvangi nýrrar og sameinaðrar rannsóknastofnunar, Hafrannsóknastofnunar, rannsókn- og ráðgjafarstofnunar hafs og vatna, en ekki sé farið í gagnstæða átt við stefnu stjórnvalda undanfarin ár með því að setja á stofn nýja sjálfstæða einingu til að sinna þessu verkefni. Það væri þá á ábyrgð yfirstjórnar Hafrannsóknastofnunar að velja eða skapa





starfseminni aðstöðu sem best væri fallin til árangurs og samþættingar við aðra rannsóknastarfsemi stofnunarinnar.

Við viljum einnig benda á að það var mikið framfaraspör í þágu rannsókna fyrir rúmum áratug síðan þegar ákveðið var að auka fjárveitingu til rannsókna og að styrkir til rannsókna skyldu almennt veittir úr sérstökum samkeppnissjóðum á grundvelli samkeppni milli rannsóknarverkefna byggt á sérfræðilegu mati faglegra og hagnýtra gæða. Það hefur sýnt sig að þær auknu fjárveitingar til rannsókna voru mjög þarfar og hefur faglegt mat samkeppnissjóðanna beint rannsóknarstarfseminni á farsælar brautir.

Íslenskur sjávarútvegur hefur lengi haft góðan skilning á mikilvægi hafrannsókna og lagt sitt af mörkum til að þær mættu eflast og dafna. Þannig styrktu til dæmis okkar samtök árum saman unga vísindamenn sem voru að stíga sín fyrstu skref í sérnámi á sviði hafrannsókna við erlenda háskóla. Þessi árin styrkja samtökin doktorsnema til þriggja ára í samvinnu við Háskóla Íslands til að sinna rannsóknum á þessu sviði og doktorsverkefnið fjallar einmitt um súrnun sjávar.

Í ljósi mikilvægis hafrannsókna fyrir þekkingu okkar og þjóðarhag viljum við láta í ljós þá einlægu ósk að þetta mál verði skoðað áfram með jákvæðu hugarfari byggt á ofangreindum ábendingum.

Virðingarfyllst,

f.h.

Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi

Haukur Þór Hauksson
Aðstoðarframkvæmdastjóri

f.h.

Landssambands fiskeldisstöðva

Guðbergur Rúnarsson
Framkvæmdastjóri

